



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ORÐUVEITING Í FÆREYJUM

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sæmdi í dag 13 Færeyinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir hugrekki og þrautseigju við björgunarstörf eftir flugslysið á Mykinesi þann 26. september 1970.

Flugslysið á Mykinesi átti sér stað þegar vél Flugfélags Íslands, TF-FIL, rakst á hæsta tind eyjarinnar, Knúk, í aðflugi að flugvellið í Vogum. Átta manns létust í slysinu, einn Íslendingur og sjö Færeyingar, en 26 manns komust lífs af. Vélin brotlenti í um 450 metra hæð og vann björgunarliðið þrekvirki við afar erfiðar aðstæður. Þrettán þeirra eru enn á lífi. Við hátíðlega athöfn í Þórshöfn í Færeyjum í dag, 10. maí 2022, færði forseti þeim þakkir frá íslensku þjóðinni og sæmdi þau heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þau eru:

1. *Aksel Niclasen, fyrrverandi sjómaður.*
2. *Annfinnur á Tívuvølli Jensen, fyrrverandi fiskverkamaður.*
3. *Bjarni Hansen, bóndi.*
4. *Dánjal Danielsen, fyrrverandi vélstjóri.*
5. *Jaspar Joensen, fyrrverandi skipstjóri.*
6. *Jákup í Løðu, fyrrverandi kennari.*
7. *Johan Hendrik Olsen, fyrrverandi sjómaður.*
8. *Jóhannes Fredrik Meinhard Summaldur Joensen, fyrrverandi sjómaður.*
9. *Karl Mikkelsen, fyrrverandi sjómaður.*
10. *Katrin Dahl, hjúkrunarfræðingur.*

11. *Kjartan Simonsen, fyrrverandi smiður.*
12. *Leon Heinesen, fyrrverandi vitavörður.*
13. *Reðin Leonsson, fyrrverandi lögreglumaður.*

10. maí 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (s. 664 8249).